

1779

Miðvikudaginn 28. september 1994.

Nr. 400/1994.

Skóverslun Reykjavíkur hf.

(Steingrímur Þormóðsson hdl.)

gegn

Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Kærumál. Útburðargerð. Frávísun frá Hæstarétti. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 16. september 1994, sem barst réttinum 30. sama mánaðar. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og kröfur sínar í héraði „verði viðurkenndar“. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Lagt hefur verið fram endurrit úr gerðabók sýslumannsins í Reykjavík frá 21. september sl. Samkvæmt því voru varnaraðila þá fengin umráð fasteignarinnar að Laugavegi 95 í Reykjavík. Að svo komnu máli hafa aðilar ekki lengur réttarhagsmuni af því, að hinn kærði úrskurður komi til endurskoðunar fyrir Hæstarétti. Ber að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Um hliðstætt kæruefni var síðast dæmt í Hæstarétti 8. september 1993 í máli nr. 310/1993 og 13. september sl. í máli nr. 324/1994. Er máli þessu haldið til dóms að ófyrirsynju.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Skóverslun Reykjavíkur hf., greiði varnaraðila,

Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, 60.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. september 1994.

Með aðfararbeiðni, dags. 6. september sl., sem móttækin var sama dag af dóminum, er af hálfu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, kt. 610269-5089, Skólavörðustíg 11, Reykjavík, krafist dómsúrskurðar um, að Skóverslun Reykjavíkur hf., kt. 650594-2079, Laugavegi 95, Reykjavík, verði með beinni aðfarargerð borin út úr húsnæðinu að Laugavegi 95, jarðhæð og kjallara, ásamt öllu því, sem gerðarþola tilheyrir, og gerðarbeiðanda fengin umráð eignarinnar. Þá er af hálfu gerðarbeiðanda krafist málskostnaðar úr hendi gerðarþola að mati dómsins og að fjárnám verði heimilað fyrir honum og kostnaði af væntanlegri gerð.

Af hálfu gerðarþola er þess krafist, að beiðni gerðarbeiðanda verði hrundið. Til vara er þess krafist, að gerðarþola verði heimilað að vera í húsnæðinu að Laugavegi 95, Reykjavík, jarðhæð og kjallara, næstu 6 mánuði eða a. m. k. til næstu áramóta. Þá krefst gerðarþoli málskostnaðar.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 13. september sl.

— — —

Með vísan til þessa og 1. mgr. 55. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991 þykir réttur gerðarbeiðanda til umráða yfir húsnæði því, sem hér um ræðir, ótvíræður. Ekki eru bein fyrimæli í lögum, er veita gerðarþola rétt á fresti til að rýma umrætt húsnæði. Þykir því rétt, að umbeðin gerð nái fram að ganga samkvæmt 1. mgr. 78. gr. laga um aðför nr. 90/1989, sbr. 3. mgr. 83. gr. sömu laga, og að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 40.000 kr., en heimilt er að gera fjárnám fyrir honum og kostnaði af væntanlegri gerð samkvæmt 1. og 2. mgr. nefndra laga.

Úrskurð þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Heimilt er, að gerðarþoli, Skóverslun Reykjavíkur hf., verði borinn út úr jarðhæð og kjallara að Laugavegi 95, Reykjavík, með beinni aðfarargerð og gerðarbeiðanda, Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, fengin umráð eignarinnar. Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 40.000 kr. í málskostnað. Heimilt er að gera fjárnám fyrir málskostnaði og kostnaði af væntanlegri gerð.